

Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um starfsmannahald og aðkeypta þjónustu hjá ráðuneytinu.

1. *Hvaða breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi í ráðuneytinu frá 1. janúar 2009 til 1. október 2010? Óskað er upplýsinga um stöðugildi, starfsheiti, kynjahlutfall, launakjör og heildarlaunagreiðslur.*

Á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 hefur heildarstöðugildafjöldi hjá ráðuneytinu staðið nokkuð í stað. Hins vegar hafa embættismenn verið fluttir til og frá ráðuneytinu á grundvelli 36. gr. laga nr. 70/1996 ásamt því að ráðið var í tímabundnar stöður, afleysingar og ótímabundnar stöður sem losnuðu. Á tímabilinu urðu eftirtaldar mannabreytingar: Ráðnir voru tveir starfsmenn á nýja efnahags- og alþjóðafjármálaskrifstofu ráðuneytisins í lok árs 2008 en þeir starfsmenn fluttust síðan til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins í október 2009 vegna breyttrar verkaskiptingar ráðuneyta. Þrír starfsmenn voru ráðnir tímabundið til afleysinga sumarið 2009 og sumarið 2010. Skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu var tímabundið settur ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu í febrúar 2009 og á sama tímabili var skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu tímabundið settur skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu. Á árinu 2009 var ráðuneytisstjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu fluttur í embætti ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, sem og skrifstofustjóri og ráðherrabílstjóri frá félagsmálaráðuneytinu. Upplýsingafulltrúi lét af störfum í ágúst 2009 en hann var á tímabundnum ráðningarsamningi. Annar upplýsingafulltrúi var ráðinn tímabundið og lét hann af störfum í febrúar árið 2010. Í ársbyrjun 2010 var skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu fluttur til forsætisráðuneytisins og tók við stöðu alþjóðafulltrúa af forvera sínum sem einnig var frá utanríkisráðuneytinu. Tveir skrifstofustjórar létu af störfum og tveir voru skipaðir í kjölfar skipulagsbreytinga hjá ráðuneytinu. Annar þeirra var lögfræðingur ráðuneytisins sem skipaður var skrifstofustjóri á nýrri skrifstofu löggjafarmála. Annar lögfræðingur ráðuneytisins lést á árinu. Um mitt ár 2010 voru ráðnir tveir lögfræðingar á nýja skrifstofu löggjafarmála í ráðuneytinu og í ágúst var ráðinn efnahagsráðgjafi.

Hjá forsætisráðuneytinu eru nú 26,74 stöðugildi. Um er að ræða einn ráðuneytisstjóra, fjóra skrifstofustjórnara, 11 sérfræðinga; þar með talið alþjóðafulltrúa og efnahagsráðgjafa, ritara ráðherra, bifreiðastjóra, umsjónarstarf, tvo stjórnarráðsfulltrúa, tvo móttökuritari og fjóra vaktmenn. Kynjahlutfall starfsmanna er 16 konur og 11 karlar. Launakostnaður með launatengdum gjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 2009 til og með september 2010 er samtals 354,2 millj. kr. Laun ráðherra og aðstoðarmanns ráðherra eru greidd af öðrum fjárlagalið.

2. *Hvernig hefur ráðuneytið útfært sparnaðartillögu ríkisstjórnarinnar í launagjöldum?*

Laun starfsmanna í ráðuneytinu voru lækkuð í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 18. ágúst 2009 um sparnaðaraðgerðir. Lækkunin nam 3–10% og náði til þeirra starfsmanna sem höfðu heildarlaun yfir 400 þús. kr. Kerfislega var lækkunarhlutfall útfært með fækkun eininga og yfirvinnu en grunnlaun héldust óbreytt. Starfsmönnum var hverjum og

einum tilkynnt á fundi um lækunina og afhent bréf með tilkynningu um breytingu, með þriggja mánaða fyrirvara eða samkvæmt ákvæðum kjarasamninga þar um.

3. *Hvaða sérfræðipjónusta var keypt á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. október 2010 og í hvaða tilgangi, greint eftir nöfnum verksala og fjárhæðum?*

Ráðuneytið hefur tekið saman hjálaga yfirlit yfir aðkeypta sérfræðipjónustu umrætt tímabil. Til samanburðar fylgja jafnframt upplýsingar um heildarkaup á sérfræðipjónustu á árinu 2008. Yfirlitið nær yfir fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins og ýmissa verkefna á þess vegum. Þess skal getið að forsætisráðuneytið hélt utan um kostnað Stjórnarráðsins, sem nauðsynlegt var að stofna til, í kjölfar bankahrunsins. Var það gert til hagræðis og til að halda yfirsýn yfir kostnað ráðuneytanna fyrst eftir bankahrunið. Ríkisendurskoðun hefur farið yfir alla þá samninga sem gerðir voru í forsætisráðuneytinu á tímabilinu 1. janúar 2008 til 1. apríl 2009.

jan - sept 2010

Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa og ýmis verkefni

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
81.000	Bryndis Hlökkversdóttir	Iögfræðipjónusta
775.000	G&T ehf	Iögfræðipjónusta
140.000	Sálfræðipj. Jóhanna Inga G sif	Sérfræðipjónusta
234.647	VSI Öryggishönnun og ráðgjöf eh	Sérfræðipjónusta
807.500	Arndís Ósk Jónsdóttir	Sérfræðipjónusta
180.000	Leggjjarbrjótur ehf	Sérfræðipjónusta
30.000	Góð samskipti ehf	Sérfræðipjónusta
870.438	Háskóli Íslands	Sérfræðipjónusta
150.000	Nordica ráðgjöf ehf	Sérfræðipjónusta
53.625	Salvör Aradóttir	Þýðendur, túlkar
20.700	Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðendur, túlkar
323.760	Anne Cecilia Benassi	Þýðendur, túlkar
8.265	Jón Örn Thordarson	Þýðendur, túlkar
75.675	JS þýðingar ehf	Þýðendur, túlkar
16.500	Scriptorium ehf	Þýðendur, túlkar
25.000	Ásdís Káradóttir	Prófarkalestur
45.670	Verkís hf	Hrafnsýri - sýning í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar
1.050.040	BASALT arkitektar ehf	Hrafnsýri - sýning í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar
133.000	Benedikt Bogason	Magma nefnd
75.000	Guðrún Björk Bjarnadóttir	Magma nefnd
3.728.984	Róbert Ragnar Spanó	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
636.000	Skyngsemi ehf - starfshópur um bætur	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
252.000	Árni Óskarsson	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
686.630	Daði Már Kristófersson	Nefnd um þjóðlendar
2.410.369	LEX ehf	Nefnd um þjóðlendar
62.194	Pórunn Pálsdóttir	Nefnd um þjóðlendar
26.320.753	Expectus ehf	Sóknaráætlun 20/20
1.000.000	Háskóli Íslands	Sóknaráætlun 20/20
800.000	Gunnar Helgi Kristinsson	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
720.000	Kristín Benediktsdóttir	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
23.100	Ágústa Þorbergsdóttir	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
950.000	Oddný Mjöll Arnadóttir	Starfshópur um viðbrögð stjórnvalda við skýrslu rannsóknarnefndar Alþ
1.176.000	Anna Kristín Ólafsdóttir	Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands
1.648.000	Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir	Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands
526.000	Haukur Arnþórsson	Nefnd um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands
1.050.040	BASALT arkitektar ehf	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
4.517.271	Björn Georg Björnsson	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
1.501.500	Guðjón Friðriksson	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
133.330	Sveinn Einarsson	Undirbúningur að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigur
53.237.991	Samtals jan - sept 2010	

2009

Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa og ýmis verkefni

Upphæð kr.	Verksali	Vegna
772.650	Logos	Lögfræðipjónusta
95.000	Parx ehf.	Lögfræðipjónusta
2.421.098	Landslög ehf.	Lögfræðipjónusta
2.943.760	Landform ehf.	Lögfræðipjónusta
320.000	Jón Ólafsson	Lögfræðipjónusta
160.000	Parx ehf.	Sérfræðipjónusta
40.240	Björn Mathíasson	Sérfræðipjónusta
415.744	Ritsmiðjan slf	Sérfræðipjónusta
26.519	Vinnuvernd ehf	Sérfræðipjónusta
95.518	Hjörleifur Guttormsson	Sérfræðipjónusta
281.124	Háskóli Íslands	Sérfræðipjónusta
154.000	Vel ehf	Sérfræðipjónusta
17.100	Ari Páll Kristinsson	Sérfræðipjónusta
15.000	Jóhann Thoroddsen	Sérfræðipjónusta
75.000	Magnum ehf	Sérfræðipjónusta
140.000	Háskóli Íslands	Sérfræðipjónusta
60.836	Lingua/Norðan Jökuls ehf	Þýðendur, túlkar
183.250	Scriptorium ehf	Þýðendur, túlkar
19.528	Ordstationene	Þýðendur, túlkar
11.550	Ágústa Þorbjörgsdóttir	Þýðendur, túlkar
20.700	Ellen Margrét Ingvadóttir	Þýðendur, túlkar
53.779	Erla Sigurðardóttir	Þýðendur, túlkar
17.498.286	Lovells LLP	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
1.758.600	Sendiráð Íslands London	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
16.484	Ylva Hellrud - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
250.000	Kristján Jónsson - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
613.660	Björn Matthíasson - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
250.000	Sveinn Sigurðsson - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
55.712	Ellen Margrét Ingvadóttir - túlkun	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
130.500	Anne Cecilia Benassi - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
71.578	Sigrún Birna Birnisdóttir - þýðing	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
3.978.705	Logos slf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
8.148	Landslög lögfræðipjónusta ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
192.709	Lingua/Norðan Jökuls ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
1.555.751	Scriptorium ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
21.951.836	Mats Arne Josefsson	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
6.792.103	Kaarlo Jannari	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
56.814.677	Oliver Wyman	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
397.565	Marianna Friðjónsdóttir	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
2.532.000	Sleipnir slf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
693.000	Kukl ehf	Aðgerðir vegna neyðarástands á fjármálamarkaði
52.080	LEX ehf	Auðlindanefnd
20.000.000	Rannsóknþjónusta Hásk í Rvík	Efnahagsrannsóknir
891.000	Háskóli Íslands	Evrópunefnd
588.909	Alta ehf	Félag um rekstur fyrirverandi varnarsvæða
3.296.000	Róbert Ragnar Spanó	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
500.000	Valgerður Stefánsdóttir	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
349.440	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
161.928	Árni Óskarsson	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
175.000	Arthur W Morthens	Nefnd til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn
4.186.301	LEX ehf	Nefnd um þjóðlendar
108.991	Þórunn Pálsdóttir lögfr.	Nefnd um þjóðlendar
6.426	Aðalheiður Jóhannsdóttir lögfr.	Nefnd um þjóðlendar
13.819.143	InDevelop Íslandi ehf	Ráðgjöf við undirbúning breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum
1.590.000	Pétur Hrafn Árnason	Saga Íslands, Hið isl. bókmenntafélag
935.000	Anna Agnarsdóttir	Saga Íslands, Hið isl. bókmenntafélag
280.000	Gunnar Karlsson	Saga Íslands, Hið isl. bókmenntafélag
1.480.000	Þórir Óskarsson	Saga Íslands, Hið isl. bókmenntafélag
4.250.000	Háskóli Íslands	Samþykktir ríkisstjórnar
571.875	Gísli Tryggvason	Sérfræðinganefnd stjórnarskrárnefndar
298.880	Bryndis Hlökkversdóttir	Sérfræðinganefnd stjórnarskrárnefndar
10.193.554	Expectus ehf	Sóknaráætlun 20/20
1.000.000	Háskóli Íslands	Sóknaráætlun 20/20
84.000	Þorsteinn Gunnarsson	Undirbúningur vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta
2.691.000	Björn Georg Björnsson	Undirbúningur vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta
313.500	Trausti Fannar Valsson	Úrskurðarnefnd upplýsingalaga
191.706.737	Samtals 2009	Þar af 115,5 m.kr. vegna bankahrunsins

2008

Forsætisráðuneytið, aðalskrifstofa og ýmis verkefni

Upphæð kr.

264.600.291

Samtals 2008

Þar af 194,2 m.kr. vegna bankahrunsins

4. *Kannaði ráðuneytið hvort unnt væri að leysa þessi sérfræðiverkefni innan ríkiskerfisins áður en þjónustan var keypt, og ef svo er, til hvaða ríkisaðila var leitað í hverju tilfalli fyrir sig?*

Þegar ný úrlausnarefni og verkefni koma upp er ávallt reynt að leysa þau af sérfræðingum og starfsfólki innan Stjórnarráðsins. Er allur meginþorri verkefna og úrlausnarefna sem upp koma innan Stjórnarráðsins leystur með þeim hætti. Ætíð koma þó upp einhver verkefni þar sem talin er þörf á utanaðkomandi sérþekkingu og er þá leitað til sérfræðinga og ráðgjafa á viðkomandi sviðum, m.a. vegna samráðs og til að tryggja aðkomu hlutlausra aðila, sbr. þau tilvik og verkefni sem tilgreind eru hér að framan. Í kjölfar og aðdraganda efnahagshrunsins var m.a. í ákveðnum tilvikum talin þörf á slíkri sérhæfðri og óháðri sérfræðiþjónustu og í nokkrum tilfellum leitað til erlendra aðila, sérfræðinga og ráðgjafa í veigamiklum málum sem m.a. kallaði á alþjóðlega sérfræðiþekkingu og reynslu á viðkomandi sviðum. Í úttekt Ríkisendurskoðunar á samningum ráðuneytisins um kaup á sérfræðiþjónustu og ráðgjöf kemur m.a. eftirfarandi fram: „Að mati Ríkisendurskoðunar hefur forsætisráðuneytið gert fullnægjandi grein fyrir ákvörðunum sínum um hvers vegna það taldi þörf á að leita til ráðgjafa og annarra sérfræðinga og eru ekki gerðar neinar athugasemdir við það mat. Þá er ljóst að ráðuneytið fylgdist vel með framkvæmd samninganna og brást að jafnaði við minnkandi þörf fyrir ráðgjöf með því að minnka eða ljúka að fullu viðskiptum við viðkomandi ráðgjafa.“